

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	11.12.2017
Málalykill	9.34
Mál nr.	1509278

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær



Selfoss, 8. desember 2017
Tilvísun: 2017120017
SGB/
Tilv. ykkar:

Efni: Afhending Álftanesvegur (415) til Garðabæjar

Vegagerðin vísar til fyrri samskipta vegna fyrirhugaðra skila á Álftanesvegi til sveitarfélagsins Garðabæjar. Samkvæmt 59. gr. a. vegalaga nr. 80/2007 sem fjallar um sameiningu sveitarfélaga, kemur fram að þegar sameining sveitarfélaga hefur þau áhrif að vegur færist úr flokki stofnvega í flokk sveitarfélagsvega skuli Vegagerðin halda við veginum í að hámarki fimm ár frá sameiningu. Að þeim tíma loknum skal vegurinn afhentur sveitarfélaginu að fullu, en heimilt er að semja um styttri tíma í þessu sambandi.

Sameining Álftanes og Garðabæjar tók gildi þann 1. janúar 2013 og við sameininguna færðist Álftanesvegur úr flokki þjóðvega yfir í flokk sveitarfélagsvega. Því er ljóst að Vegagerðin hefur ekki heimild til að halda veginum við lengur en til næstkomandi áramóta þegar 5 ár eru liðin frá sameiningu.

Með bréfi þessu tilkynnist formlega að Vegagerðin afhendir Sveitarfélaginu Garðabæ veghald Álftanesvegur frá Hafnarfjarðarvegi (40-04) í Engidal að Bessastaðavegi (416-01) en um er að ræða um 4,1 km langan vegkafla ásamt tveimur hringtorgum.

Garðabær annast að fullu og ber ábyrgð á veghaldi Álftanesvegur frá og með 1. janúar 2018.

Óskað er eftir fundi við fyrsta tækifæri til þess að ræða nánar málefni vetrarþjónustu og viðhald vegarins.

Virðingarfyllst,

Svanur Bjarnason
Svanur G Bjarnason
svæðisstjóri Suðursvæðis

